

Skýrsla stjórnar starfsárið 2022

Jákvæð verkefnastjórnun

Samskipti, samvinna og árangur

- 9:00-9:15 ● Setning ráðstefnu - Þór Hauksson, formaður VSF
- 9:15-9:45 ● Hvort viltu vera gleðigjafi eða fylpúki? - Ragnhildur Vigfúsdóttir
- 9:45-10:15 ● Jákvæð verkefnastjórnun - Óskar Örn Jónsson
- 9:45-10:15 ● Kaffihlé
- 10:30-11:00 ● Robust Budgets & Plans – A practical solution - Henrik K. Søndergaard
- 10:30-11:00 ● Frá áskorun til útfærslu: forgangsriðun, verkefnaskrá og framkvæmd í stafrænni umbreytingu Reykjavíkurborgar - Edda Jónsdóttir
- 11:00-11:30 ● Heimsfaraldur – listin að vera viss í óvæsu - Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir
- 12:00-13:00 ● Hádegishlé - Veitingar frá VOX
- 13:00-13:20 ● Viðurkenningar fyrir lokaverkefni í meistaranámi í verkefnastjórnun
- 13:20-13:50 ● Að vinna með styrkleika í teymi - Guðrún Snorradóttir
- 13:50-14:20 ● Sálrænt öryggi teyma - hvernig byggja verkefnastjórar umhverfi árangurs? - Kristrún Anna Konráðsdóttir
- 14:20-14:40 ● Kaffihlé
- 14:40-15:10 ● Verkefnamenning hjá Orkuveitu Reykjavíkur - Aðalheiður Sigurðardóttir
- 15:10-15:40 ● Erindi - Gréta María Grétarsdóttir
- 15:40-15:45 ● Samantekt - Þór Hauksson, formaður VSF
- 15:45 ● Kofteill. Léttar veitingar og tengslamyndun

Hótel Hilton Reykjavík - 3. nóvember 2022



Efnisyfirlit

INNGANGUR – starfsemin í 10 ára spegli.....	3
SKIPAN STJÓRNAR.....	4
Rekstur og afkoma félagsins.....	5
Félagatal	5
Vottanir starfsársins.....	5
UPPLÝSINGA-OG KYNNINGARMÁL	5
Fréttabréf og vefsvæði	5
VIÐBURÐIR OG VIÐURKENNINGAR.....	6
RÁÐSTEFNA	6
ERLENT SAMSTARF	8
MINNING – Gunnar Torfason	8
NIÐURLAG – starfsemin í ljósi næstu 10 ára?.....	8

INNGANGUR – starfsemin í 10 ára spegli

Þessi skýrsla stjórnar markar umtalsverð tímamót í huga þess sem þetta ritar. Um þessar mundir eru nefnilega 10 ár liðin frá því að undirritaður tók fyrst sæti í stjórn VSF – og óneitanlega fróðlegt að rifja upp aðstæður þá og nú. Margt er óbreytt eða sambærilegt á meðan annað er frábrugðið og nýstárlegt, bæði í innra og ytra umhverfi félagsins.

Lög félagsins og umgjörð starfsins er til að mynda óbreytt eða afar sambærileg. Á mínum fyrsta aðalfundi, í febrúar 2013, var dagskráin sú sama og nú er, sami fjöldi endurnýjaður í stjórn félagsins og á fyrsta fundi stjórnar var sambærilegur taktur vottunar, fræðafunda og haustráðstefnu ræddur eins og undanfarin starfsár.

Starfsárið sem gert var upp á ársfundinum 2013 markaði reyndar vatnaskil hjá félaginu en þá var framkvæmdastjóri félagsins ráðinn – sem enn er við störf – tók yfir daglegan rekstur félagsins og lyfti grettistaki við að skjala og endurnýja vottunarferli í samræmi við nýjustu hæfniviðmið IPMA. Á þeim tímamarki mátti litlu muna að VSF missti rétt sinn til þess að votta í samræmi við hæfniviðmið IPMA og trúverðugleiki félagsins innan lands sem vottunaraðili fór þverrandi.

En síðustu 10 ár hefur framkvæmdastjóri félagsins haldið vel utan um vottunarstarfsemina, leitt eina meiriháttar breytingu á umgjörð og vottunarferli í ljósi nýrra hæfniviðmiða og VSF hefur staðist allar úttektir sem gerðar hafa verið af hálfu IPMA. Vottunarstarfsemin hefur allan þennan tíma verið lykilhliuti af starfsemi félagsins og um leið aðal tekjulind þess.

Af því sem er frábrugðið nú má nefna að fræðafundir félagsins eru nú all flestir orðnir fjarfundir – sem var óþekkt fyrir 10 árum og hefði þótt óhugsandi. Það er líka áhugavert að bera saman umgjörð og efni haustráðstefnunnar 2013 og þeirrar nýjustu, haustráðstefnunnar 2022.

PROGRAMME
NORDNET 2013
Callout 55° North - Cool Projects and Arctic Opportunities
3 - 5 September 2013, Harpa, Reykjavík, Iceland

Leadership
Teamwork
Strategy
Execution

www.nordnet2013.is

Jákvæð verkefnastjórnun
Samskipti, samvinna og árangur

9:00-9:15 ● Setning ráðstefnu - Þór Hauksson, formaður VSF
9:15-9:45 ● Hvort viltu vera gleðiglafl eða fylupóki? - Ragnhildur Vigfúsdóttir
9:45-10:15 ● Jákvæð verkefnastjórnun - Óskar Örn Jónsson
9:45-10:15 ● Kaflahlé
10:30-11:00 ● Robust Budgets & Plans - A practical solution - Henrik K. Søndergaard
Frá áskorun til útfærslu: forgangsröðun, verkefnaskrá og framkvæmd í stafrænni umbreytingu Reykjavíkurborgar - Edda Jónsdóttir
11:00-11:30 ● Heimsfaraldur - listin að vera viss í óvæsu - Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir
12:00-13:00 ● Hádegishlé - Veitingar frá VÖX
13:00-13:20 ● Viðurkenningar fyrir lokaverkefni í meistaranámi í verkefnastjórnun
13:20-13:50 ● Að vinna með styrkleika í teymi - Guðrún Snorradóttir
13:50-14:20 ● Sárlænt öryggi teyma - hvernig byggja verkefnastjórnar umhverfi árangurs? - Kristrún Anna Konráðsdóttir
14:20-14:40 ● Kaflahlé
14:40-15:10 ● Verkefnamenning hjá Orkaveitu Reykjavíkur - Aðalheiður Stigurdóttir
15:10-15:40 ● Erindi - Gréta María Grétarsdóttir
15:40-15:45 ● Samantekt - Þór Hauksson, formaður VSF
15:45 ● Kokteill, létta veitingar og tengslamyndun

Hótel Hilton Reykjavík - 3. nóvember 2022

IPMA CERTIFICATION

Mynd 1 Samanburður á umgjörð og efnistöfum haustráðstefnum VSF 2013 annars vegar og 2022 hins vegar

Á myndinni til vinstri má sjá forsíðu glansbæklings fyrir haustráðstefnu VSF 2013, sem jafnframt var síðasta alþjóðlega ráðstefnan sem VSF stóð fyrir í samstarfi við NORDNET, systurfélag VSF innan IPMA. Afar metnaðarfull alþjóðleg ráðstefna, haldin í Hörpu með erlendum og innlendum lykilyrirlusurum, tveimur straumum í fjórum þema-flokkum stefnu, teyma, leiðtogafærni og framkvæmd.

Í samanburðar virkar umgjörð og efni síðustu haustráðstefnu eins og afturhvarf til einföldunar, með yfirskrift jákvæðni, samskipta og samvinnu í árangri verkefnavinnu. Ráðstefnan í fyrra var haldin á Nordica í einum sal, öll umgjörð einföld og látlaus, auglýsingar aðeins í gegnum samfélagsmiðla; engir bæklingar eða aðkeypt þjónusta auglýsingastofu eða markaðsfyrirtækis. Fyrir utan að kynjahlutföll fyrirlesara snérust við;

Báðar ráðstefnur vel heppnaðar má fullyrða, afar ólík umgjörð og upplegg, en merkilegt nokk þá var þátttakendafjöldi nánast sá sami á þeim báðum. Allir útlendingarnir utan einn sem sóttu ráðstefnuna 2013 voru jafnframt fyrirlesarar, það er almennt reynslan af samstarfi NORDNET um alþjóðlegt ráðstefnuhald, og lagðist í praxis af eftir ráðstefnuna í Hörpu 2013.

Síðustu tvö ár, í kjölfar COVID-19 heimsfaraldurs, hefur VSF haldið áhugaverðar og jafnframt vel sóttar ráðstefnur með því að leggja áherslu á efnistöð og áskoranir mannlegra þátta í verkefnum og verkefnastjórn; á samskipti, teymisvinnu og hugarfar. Þó ráðstefnan fyrir 10 árum hefði vissulega snert á þessum þáttum þá er almenn þekking og umræða mun dýpri nú; árið 2013 voru hugtök eins og jákvæð sálfræði og sálrænt öryggi einfaldlega ekki til í verkefnaumræðu.

Að mínu mati er þessi einföldun umgjörðar haustráðstefnunnar til góðs og áherslan á mannlega efnisþætti í verkefnum og verkefnamenningu trompar auðveldlega glansbæklinga og alþjóðlegar smellibeitur eins og yfirskrift ráðstefnunnar 2013: „Cool Projects and Arctic Opportunities“. Aðsókn og ánægja með síðustu tvær haustráðstefnur VSF staðfestir að mínu mati að félagið gæti hafa fundið réttu sylluna í áherslum og umgjörð komandi ára.

Með þessu er alls ekki verið að gera lítið úr umgjörð og efnistöðum ráðstefnunnar fyrir 10 árum, sem var skemmtileg, fjölbreytt og vel heppnuð – þó hún hefði líka verið barn síns tíma. Í því ljósi er afar athyglivert að sjá fyrrum samstarfsaðila VSF að ráðstefnunni 2013 - MPM námið og Háskólann í Reykjavík - setja upp þessa sömu umgjörð alþjóðlegrar ráðstefnu um verkefnastjórnun með glansandi fínum markaðstitli. Sú ráðstefna var haldin í fyrsta skipti á starfsárinu, nánast á sama tímapunkti og haustráðstefna VSF. Það virtist þó engan veginn hafa áhrif á aðsókn haustráðstefnunnar, enda áherslur aðrar og ákveðin tíðindi að pláss var fyrir tvær stórar ráðstefnur á Íslandi um verkefnastjórnun að hausti.

Margt er þannig líkt með starfi félagsins nú og fyrir 10 árum - rekstur og starfsemi félagsins í jafnvægi en efnistöð umfjöllunarefna önnur og umgjörð öll einfaldari.

SKIPAN STJÓRNAR

Á aðalfundi félagsins þann 3. mars 2022 varð nokkur endurnýjun á stjórninni. Eftir 2ja ára stjórnarsetu luku Ásdís Jóhannesdóttir, David Lynch, Linda Björk Hávarðardóttir og Óskar Friðrik Sigmarsson kjörtímabili sínu. Aðeins Linda Björk gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Auk hennar bárust framboð frá Huguínu Ösp Reynisdóttur Sigfríði Guðjónsdóttur og Aðalbirni Þórólfsyni. Þar sem fjögur framboð bárust í fjögur laus stjórnarsæti voru frambjóðendur sjálfkjörnir.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 28. apríl 2022 skipti stjórn með sér verkum. Þór Hauksson var valinn formaður, Aðalbjörn Þórólfsson varaformaður, Sigfríður Guðjónsdóttir gjaldkeri og Linda Björk Hávarðardóttir ritari. Meðstjórnendur Eiríkur Steinn Búason, Íris Arnlaugsdóttir, Huguína Ösp Reynisdóttir og varamaður, Skúli Bjarnason. Innri endurskoðandi vottunarferils David Lynch

Rekstur og afkoma félagsins

Árið 2022 vorum við laus undan COVID19 faraldrinum. Sú breyting sem varð á starfseminni í Covid var komin til að vera. Megin starfsemi félagsins fór fram með rafrænum hætti, fundir, kynningar og vottanir héldu áfram að vera með rafrænum hætti.

Þó féll eitt til fyrri vegar, það var haustráðstefna félagsins sem fram fór á á Hilton Nordica hótelinu sem heppnaðist ákaflega vel og mættu um 130 þátttakendur á ráðstefnuna. Í könnun sem framkvæmd var strax að lokinni ráðstefnu var mikil ánægja hjá þátttakendum með efni hennar og framkvæmd

Heildar tekjur félagsins voru svipaðar og árið áður en samdráttur varð í greiddum félagsgjöldum og framvottun, endurvottun var á pari við fyrra ár en ráðstefnutekjur meira en tvöfölduðust og bættu þannig uppi minni tekjur af annarri starfsemi. Jákvæð niðurstaða varð af rekstri félagsins.

Félagatal

Alþjóðasamtök verkefnastjórnunarféлага IPMA innheimtir skatt af hverjum greiðandi félagi. Samkvæmt IPMA talningu eru félagar í VSF árið 2022 samtals 222, en voru 223 árið áður. Hvert fyrirtæki telur skv. IPMA sem 5 greiðandi félagar. 32 fyrirtæki voru aðilar að VSF, jafn mörg og árið áður, 59 einstaklingar, voru 66 árið áður. Þá voru 21 nemi með félagsaðild. Félagar sem fá sent fréttabréf frá félaginu eru rétt tæplega 340, voru um 350 fyrir ári síðan.

Vottanir starfsársins

Vottunum ársins 2022 fækkaði nokkuð. Einn lítill hópur nema úr Jarðhitaskóla SP tók D stigs vottun. Tvö opin vottunarferli voru í boði og þrjú nemenda hópar mættu í vottun.

Ár	A stig	B stig	C stig	D stig	Alls
Frá upphafi (1997)	1	89	203	2225	2517
2020		1	6	144	151
2021		0	6	133	139
2022		2	5	121	128

Taflan sýnir þá sem lokið hafa vottunarferli á árinu

Fjöldi sem hóf vottunarferli á árinu var

Stig	Frumvottun 2022	Endurvottun 2022	Í próf 2022	Ólokið ferli
B-stig	2	6	2	4
C-stig	5	6	7	10
D-stig	121	8	121	0

Samstarf við menntastofnanir og kynningar varðandi vottun voru 10 á árinu, þar má nefna Meistaránám í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík, Verkefna og leiðtogaþjálfun hjá Endurmennt HÍ, APME námskeið hjá Opna háskólanum og námskeið hjá Akademies.

UPPLÝSINGA-OG KYNNINGARMÁL

Miðlun upplýsinga um starfsemi félagsins er með ýmsum hætti, aðallega þó rafrænum; með fréttabréfum, auglýsingum og öðru efni tengdu verkefnastjórnun.

Fréttabréf og vefsvæði

Á árinu 2022 hafa verið send út 14 rafræn auglýsinga- og fréttabréf til félagsmanna með kynningum á fundum og viðburðum auk upplýsinga og fróðleiks sem stjórn félagsins telur að eigi erindi við félagsmenn. Félagið heldur úti vefsvæði fyrir félagið www.vsf.is. Þar má finna upplýsingar um félagið,

vottunarferlið, fundi og viðburði VSF er einnig skráð fyrir lénunum www.verkefnastjornun.is og www.ipma.is, en það vísar á vsf.is.

Félagið rak vefinn www.pmnordnet.org fyrir NORDNET. Notkun á þessari vefsíða hefur engin verið frá árinu 2015, og var síðunni lokað sl. haust.

VIÐBURÐIR OG VIÐURKENNINGAR

VSF stóð fyrir fjölbreyttum viðburðum á starfsárinu. Í töflu 1 má sjá samantekt helstu viðburða félagsins á starfsárinu;

Tafla 1 Yfirlit helstu viðburða á vegum VSF á starfsárinu

Dags	Staður	Viðburður / erindi	Framsaga / ábyrgð
14.1.2022	Fjarfundur	Kynning á vottun verkefnastjóra	Theodór Ottósson
3.03.2022	Engjateigur 9	Aðalfundur	
9.3.2022	Fjarfundur	Kilóvattstund – Snjallvæðing raforkumæla	Jakob Sigurður Friðriksson, forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá Veitum
20.5.2022	Háskólinn í Reykjavík	Dagur verkefnastjórnunar: Útskriftarráðstefna MPM-námsins 2022	Á ráðstefnunni kynna nemendur HR lokaverkefni sín
10.8.2022	Fjarfundur	Kynning á vottun verkefnastjóra	Theodór Ottósson
5.10.2022	Fjarfundur	Samspil klassískrar verkefnastjórnunar og Agile hugmyndafræði	Aðalbjörn Þórólfsson, ráðgjafi í verkefnastjórnun hjá Projectus og varaformaður Verkefnastjórnunarfélags Íslands
3.11.2022	Hilton Nordica	Ráðstefna VSF	Stjórn VSF
4.11.2022	Engjateigur 9	Vinnustofa – Traustar áætlanir fyrir kostnað og tíma	Henrik Søndergaard
2.12.2022	Fjarfundur	Einkenni verkefna og ferla	Haukur Helgason teymisstjóri hjá Menntamálastofnun.


RÁÐSTEFNA

Eins og þegar hefur kom fram, þá lágu áherslur hausráðstefnunnar á mannlega þætti verkefna og verkefnamenningar – rétt eins og árið á undan. Þrátt fyrir að vera mörgu leyti á svipuðum slóðum í efnistöku og árið áður og þrátt fyrir að önnur alþjóðleg rannsóknarráðstefna um verkefnastjórnun væri haldin í Reykjavík á sama tíma, þá virtist það alls ekki hafa áhrif á aðsókn.

Mæting á ráðstefnuna var langt umfram væntingar og almenn ánægja var með efni að mati ráðstefnugesta. Á meðfylgjandi mynd má sjá myndræna samantekt á helstu áherslupáttum ráðstefnunnar og hvernig einstök erindi falla inn í þessa flokkun. Um var að ræða sex áherslupætti og sum erindin snertu á fleiri en einum þætti.

Haustáðstefnan 2022: Jákvæð verkefnastjórnun

NOKKUR LYKILÞEMU OG ÁHERSLUR




Mynd 2 Samantekt á helstu lykiláherslum ráðstefnunnar og hvar einstök erindi falla í þá flokkun

Meðfylgjandi er síðan önnur mynd sem dregur fram sömu 6 áhersluþætti ráðstefnunnar, en dregur fram lykilærdóm hvers þeirra, byggt á erindunum úr flokkuninni hér að framan.

Haustráðstefna 2022: Jákvæð verkefnastjórnun

NOKKUR LYKILÞEMU OG ÁHERSLUR



Mynd 3 Samantekt á helstu lykiláherslum ráðstefnunnar og hvaða lærdóm mátti draga af erindunum

ERLENT SAMSTARF

Erlent samstarf félagsins var áfram að mestu í formi fjarfunda. Framkvæmdastjóri og formaður tók þátt í 12 fjarfundum á vegum IPMA og 5 NORDNET fundum. CoD (Council of Delegates) og CSP (Certification System Panel) voru haldnir í Króatíu 23. – 25. september sem var kærkomin breyting frá fjarfundum.

MINNING – Gunnar Torfason

Gunnar Torfason verkfræðingur og heiðursfélagi í Verkefnastjórnunarfélaginu hann lést 4. desember níráður að aldri.

Gunnar var meðal frumkvöðla í beitingu verkefnastjórnunar á Íslandi og starfaði ötullega með Verkefnastjórnunarfélaginu frá stofnun þess. Hann vann að og hvatti til innleiðingar á vottunarkerfi IPMA og tók þátt í skipulagningu og framkvæmd fjölda ráðstefna um verkefnastjórnun. Hann var alla tíð áhugasamur um félagið og störf þess og ólátur við að mæta á viðburði þess. Félagið vottar aðstandendum Gunnars Torfasonar innilega samúð sína.

NIÐURLAG – starfsemin í ljósi næstu 10 ára?

Lífið hefur lag á því að fara í hringi og endurtaka sig. Starfsemi VSF er að nálgast nýjan áratug á næsta starfsári, þegar undirbúningur þarf að hefjast fyrir stórafmælisárið 2024, en þá verður félagið 40 ára!

Fyrir 10 árum, á starfsárinu 2013, hófst undirbúningur að afmælisárinu 2014, þegar félagið varð 30 ára. Niðurstaðan af þeim undirbúningi skilaði sér með ýmsum hætti; sérstakur afmælisfögnuður var haldinn, merki félagsins endurhannað og bók skrifuð um sögu félagsins svo eitthvað sé nefnt. Einnig var ráðist í heilmikla stefnumótunarvinnu sem skilaði sér í stefnupýramíða félagsins.



Mynd 4 Stefnumörkun VSF, sem varð til úr vinnu sem hófst 2014. Verður hann enn í gildi 2024?

Það er hollt og eðlilegt í starfsemi eins og VSF sinnir - sem félag sem vill fósra öflugt og lifandi þekkingarsamfélag um verkefnastjórnun – að endurskoða stefnumið sín og áherslur reglulega. Að

spyrja hvaða kjarnahlutverki félagið gegnir, hvaða virði það skilar og með hvaða hætti. Mikilvægt að byggja á þekkingu og samstarfi innanlands sem og við alþjóðasamstökin IPMA og hópa inna þeirra eins og NORDNET. Umfram allt þarf félagið að viðhalda anda frumkvöðulsins þrátt fyrir virðulegan aldur - að gera tilraunir, þróa vöruframboð, þjónustu og það virði sem það skilar félagsmönnum.

Það er líka hollt og eðlilegt að gera persónulegar breytingar reglulega með því að endurskoða eigin stefnumið og áherslur og takast á við nýjar áskoranir. Eftir 10 ára setu í stjórn félagsins, hef ég ákveðið að kominn sé tími að stíga til hliðar. Þetta hefur verið afar skemmtilegur og lærdómsríkur áratugur, ég þakka fyrir frábært samstarf við framkvæmdastjórnann þennan tíma og öll þau sem ég hef notið þeirrar ánægju að starfa með í stjórn félagsins.

Ég óska félaginu og nýrri stjórn félagsins alls hins besta í krefjandi og skemmtilegum áskorunum komandi árs, og góðum upptakti inn í nýjan áratug starfseminnar.

*Fyrir hönd stjórnar,
Þór Hauksson
Formaður VSF*